

Ed.

457. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefndir beggja deilda Alþingis hafa haft til athugunar frv. þetta, ásamt frv. um sama efni, sem horið var fram í Nd., og brtt. við bæði þessi frv. frá einstökum þingmönnum.

Nefndirnar hafa sameiginlega unnið að því að sameina allar framkomnar tillögur um breytingar á brúalögunum, ásamt þeim breytingum, er vegamálastjóri leggur til, að teknar verði til viðbótar. Hefur verið unnið að þessu í fullu samstarfi við vegamálastjóra. Varð niðurstaða sú, að allar breytingar á nefndum lögum verði sameinaðar í einu frv. og samgöngumálanefnd Ed. falið að koma því í rétt form með brtt. við frv. það, sem að ofan greinir, á þskj. 113. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með breytingum þeim, er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. febr. 1943.

Gísli Jónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Brynjólfur Bjarnason.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLSTJÓRINN

Reykjavík, 28. janúar 1943.

Brúalög.

Samgöngumálanefndir Alþingis hafa sent mér til umsagnar framkomnar breytingartillögur við lög um brúargerðir frá 1932, með nokkrum viðauka frá 1936.

Brúargerðum hefur miðað það vel áfram síðan 1936, að orðið er tímabært að bæta fleiri brúm á þjóðvegum í brúalögin. Þá tel ég og rétt að hækka nokkuð þær kostnaðartölur, sem framlag ríkissjóðs til brúa á öðrum vegum en þjóðvegum er miðað við, sbr. 2. gr. IV. kafla, svo að nokkuð verði tekið tillit til hækkaðs verðlags.

Í núgildandi brúalögum eru samtals taldar 87 brýr 10 metra og lengri yfir ár á þjóðvegum. Er þegar lokið byggingu 41 af þeim og því enn ógerðar 46. Þá eru taldar 26 brýr yfir ár á öðrum vegum en þjóðvegum, og eru þegar gerðar 8 af þeim og því ógerðar 18.

Ég hef tekið fyrir að gera yfirlit um nýjar brýr, sérstaklega á þjóðvegum, er ég tel rétt að bæta í brúalögin. Hef ég talið réttast að semja að nýju I.—III. kafla 2. gr. brúalaganna, og fara hér á eftir tillögur mínar í því efni.

Ég hef og tekið með nokkrar brýr á vegaköflum, sem tillögur liggja nú fyrir Alþingi um að taka í þjóðvegatölu og ég hef mælt með. Enn fremur nokkrar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum til viðbótar þeim, sem nú eru í lögum.

Fer hér á eftir samandregið yfirlit yfir ógerðar brýr samkvæmt tillögum mínum.

Yfirlit um ógerðar brýr. Kostnaðaráætlun miðuð við verðlag 1939.

| | Tala brúa | | | Kostnaðaráætlun. | |
|--|-----------|--------|-------|------------------|---------------|
| | í lögum | Viðbót | Samt. | Brýr í lögum | Viðbótarbrýr. |
| a. Vesturland | 15 | 39 | 54 | 240000.00 | 407000.00 |
| b. Norðurland | 6 | 16 | 22 | 250000.00 | 261000.00 |
| c. Austurland | 17 | 29 | 46 | 448000.00 | 271000.00 |
| d. Suðurland | 12 | 19 | 31 | 236000.00 | 679000.00 |
| II. Brýr á öðrum vegum en þjóðvegum | 13 | 7 | 20 | 1073000.00 | 231000.00 |
| | 63 | 110 | 173 | 2247000.00 | 1849000.00 |

Samals 173 brýr. Kostnaðaráætlun kr. 4096000.00.

Samtals eru þannig ógerðar 153 brýr á þjóðvegum, sem eru áætlaðar að kosta um 2,8 millj. kr., og 20 brýr á öðrum vegum, og nemur áætlun um þær um 1,3 millj. kr., eða samtals 173 brýr fyrir um 4,1 millj. kr. Ef miðað er við, að meðalverðlag á næsta áratug yrði 2,5 sinnum hærra en 1939, þá næmi heildaráætlunin um 10,25 millj. kr.

Hér hef ég þó ekki talið með nýja brú á Ölfusá hjá Selfossi, sem búast má við, að verði óhjákvæmilegt að byggja áður en langt um liður, þar sem hengibrúin er nú farin að láta talsvert á sjá og þolir ekki til lengdar þá miklu þungaumferð, sem um hana er. Væri jafnvel rétt að setja nýja brú nú þegar í brúalögin, en af vissum ástæðum hef ég þó ekki gert það. Frumuppdrættir hafa verið gerðir af nýrri brú úr járn-bentri steypu, með tvöfaldri akbraut, eins og Elliðaárbrýrnar. Með verðlagi 1939 mundi þessi brú kosta um 400 þús. kr.

Þá er og ekki heldur meðtalinn kostnaður við breikkun á nokkrum eldri brúm á fjölförnum leiðum, aðallega á Kjalarnesvegi og Suðurlandsbraut, en einnig t. d. á Miklagili á Hóltavörðuheidi og á Hrútafjarðará.

Hér við má enn bæta ýmsum brúm á sýsluvegum og fjallvegum, svo og smábrúm minni en 10 metra.

Hef ég gert lauslega áætlun um 64 slíkar brýr, er nemur freklega 1 millj. kr.,

einnig miðað við verðlag 1939. Hér af eru 6 á fjallvegum, þar á meðal Blanda og Tungnaá, áætlaðar að kosta 275 þús. kr. Þætti mér hæfilegt að áætla, að helmingur þessara brúa yrði byggður á sama tímabili og hinar, sem talðar eru í frumvarpinu eins og það kemur frá mér. Bætist þá 1,25 millj. kr. við áður talðar 10,25 millj. kr. Með 500 þús. kr. árlegri fjárveitingu að meðaltali og 150 þús. kr. úr brúasjóði mundi lauslega mega áætla, að tæki 18—20 ár að byggja allar þessar rúmlega 200 brýr. Virðist mér það ekki óvarlega áætlað, miðað við brúargerðir undanfarinn áratug.

Í 2. gr. IV. kafla er ákveðið að heimila að greiða úr rikissjóði frá helming upp í $\frac{3}{4}$ hluta byggingarkostnaðar brúa á sýslu- og hreppavegum. Mér þykir rétt að halda þessu hlutfalli, en þar sem verðlag hefur svo mjög hækkað síðan 1932, þá vil ég leggja til, að hlutfallsgreiðsla rikissjóðs verði ákveðin þannig, að í stað þess, að rikissjóður greiðir nú $\frac{2}{3}$ kostnaðar, ef brú kostar 8000 kr., hækkandi jafnt upp í $\frac{3}{4}$ hluta, ef brú kostar 16000 kr. eða meira, þá komi 15000 og 30000 kr.

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefnda efri og neðri deildar Alþingis.